

13. gr.

Á stimpilgjöld þau, er um ræðir í reglugerð þessari, bætist viðauki samkvæmt ákvæðum laga þeirra og auglýsinga, sem í gildi eru hverju sinni um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka, sbr. nú lög nr. 94/1973 og auglýsingu nr. 364/1973.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 75 27. júní 1921 um stimpilgjald, sbr. lög nr. 80 23. desember 1953, öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerðir nr. 129/1941 og nr. 62/1967, auglýsingar nr. 164/1953 og 168/1973 og ráðuneytisbréf nr. 2/1956.

Fjármálaráðuneytið, 21. ágúst 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ,

verkefni, skipulag og starfsreglur.

Með skírskotun til 7. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 73/1969, um stjórnarráð Íslands, er auglýsingu nr. 79/1971, sbr. breytingu nr. 193/1974, um menntamálaráðuneytið, skipulag þess og starfsreglur, hér með breytt á þann veg að aftan við upptalningu verkefna H-deildar bætist: Dagvistunarstofnanir, sumardvalarheimili barna og sumar-búðir.

Inn í almennu ákvæðin aftast í auglýsingunni bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., svo hljóðandi:

Fræðslustjórar samkvæmt grunnskólalögum nr. 63/1974 heyra beint undir ráðuneytisstjóra, en ekki neina sérstaka deild.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. ágúst 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um flokkun bygginga og annarra mannvirkja til fyrninga
og um flokkun íbúðarhúsnæðis til fyrninga.

1. gr.

Fyrning bygginga og annarra mannvirkja, annarra en íbúðarhúsnæðis, sem um ræðir í 2. gr., skal, að vali skattþegns við upphaf fyrningartíma, vera fastur árlegur hundraðshluti af heildarfyrningarverði eignanna og innan þeirra marka, sem hér greinir:

a. Byggingar úr steinsteypu:

	Lágmarks hundraðshluti	Hámarks hundraðshluti
Skrifstofuhús	1.0	2.0
Verslunarhús	1.0	2.0
Verksmiðju-, verkstæðis- og vörugymsluhús, svo og önnur atvinnurekstrarhús, ótalin annars staðar, s. s. bensínstöðvarhús, gisti- og veitingahús og útihús á bújörðum	2.0	4.0

Nú er sama byggingin notuð til mismunandi starfsemi, sem fellur undir mismunandi fyrningarflokka, og skal þá heildarfyrningarverð hennar skiptast í fyrningarflokka í hlutfalli við rúmmál, þó þannig, að sé bygging notuð að 75% rúmmáls eða meir til starfsemi, er fellur undir sama fyrningarflokk, skal byggingin í heild háð þeim fyrningarflokki.

- b. Byggingar, hlaðnar úr steinum, byggingar úr timbri eða stáli, eru háðar fyrningarflokkum skv. a-lið, en lágmarks og hámarks fyrningarhundraðshlutar, sem þar greinir, skulu hækkaðir:

Af húsum hlöðnum úr steinum	um 30%
Af húsum byggðum úr timbri eða stáli	um 100%

- c. Aðrar byggingar og mannvirki:

	Lágmarks hundraðshluti	Hámarks hundraðshluti
Bensíngymslur og dælur til bensínsölu	5.0	10.0
Bryggjur og plön úr steypu eða steini	2.5	5.0
Bryggjur og plön úr timbri eða stáli	5.0	10.0
Dráttarbrautir	5.0	10.0
Gróðurhús	5.0	10.0
Loðdýrabú og tilheyrandi girðingar	5.0	10.0
Lýsis-, olíu- og vatnsgeymar úr steypu	3.0	6.0
Lýsis-, olíu- og vatnsgeymar úr stáli	4.0	8.0
Rafstöðvar (dísil- og gufuknúnar)	4.0	8.0
Rafstöðvar (vatnsorkuknúnar)	2.0	4.0
Ræktun á bújörðum	5.0	10.0

Lágmarks- og hámarkshundraðshlutar bygginga og annarra mannvirkja, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í a–c liðum þessarar greinar, skulu ákvarðaðir af ríkisskattstjóra, að fenginni umsókn þar um frá skattþegni hverju sinni.

2. gr.

Fyrning íbúðarhúsnaðis skal vera fastur árlegur hundraðshluti af fasteignamatsverði íbúðarhúsnaðisins, sem hér greinir:

Íbúðarhúsnaðis úr steinsteypu	1.0%
Íbúðarhúsnaðis hlöðnu úr steinum	1.3%
Íbúðarhúsnaðis úr timbri	2.0%

Til íbúðarhúsnaðis teljast bílskúrar, sem byggðir eru skv. byggingarleyfi eða í tengslum við íbúðarhúsnaði.

Um frádrátt frá tekjum vegna viðhalds á íbúðarhúsnaði fer eftir 25. gr. reglugerðar nr. 245 31. desember 1963 um tekjuskatt og eignarskatt.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. ákvæðum 3. tl. C-liðar og heimildum skv. E-lið 15. gr. laga nr. 68 15. júní 1971 og áorðnum breytingum skv. ákvæðum 3. og 9. tl. 7. gr. laga nr. 7 23. mars 1972 öðlast gildi þegar í stað og skal koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1975. Jafnframt falla úr gildi, eftir því sem við á, ákvæði 28. gr. og B-liðs 31. gr. reglugerðar nr. 245 31. desember 1963 um tekjuskatt og eignarskatt og 1. gr. reglugerðar nr. 79 10. mars 1966 um breyting á þeirri reglugerð. Enn fremur fellur úr gildi reglugerð nr. 355 29. desember 1972 um flokkun bygginga og annarra mannvirkja til fyrninga og um flokkun íbúðarhúsnæðis til fyrninga og viðhaldskostnaðar.

Fjármálaráðuneytið, 26. ágúst 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 112 12. júlí 1966.

Grunngjöld samkvæmt ákvæðum gjaldskrár fyrir dýralækna nr. 112/1966 skulu innheimt með 20% álagi til viðbótar því 10% álagi, sem heimilað var með auglýsingu 15. september 1969.

Gjaldskrárbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 31 frá 5. maí 1970 um dýralækna, og öðlast gildi 1. september 1974.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

REGLUGERÐ

fyrir Stýrimannaskólann í Reykjavík.

I. KAFLI

Um markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Markmið Stýrimannaskólans í Reykjavík er að veita þá fræðslu, er þarf til að standast fiskimannapróf, farmannapróf og próf skipstjóra á varðskipum ríkisins.

2. gr.

Skipstjórnarnám skal vera í 4 stigum:

1. stig farmanna og fiskimanna.
2. stig farmanna og fiskimanna.
3. stig farmanna.
4. stig skipstjóraefna á varðskipum ríkisins.